

Sþ.

703. Nefndarálit

um till. til þá. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Þegar leitað var atkvæða um þáttill. í nefndinni, greiddu aðeins tveir nefndarmenn (PO og SkG) atkvæði með till., en fjórir (StgrA, PB, GÍG og BK) vildu ekki þá taka aðstöðu til málsins. Einn nefndarmanna (HelgJ) var fjarstaddir. Hafa þeir nú allir myndað sameiginlegan meiri hl. og gefið út nefndarálit, þar sem lagt er til, að þáttill. verði samþykkt með litlum breytingum. Minni hl. (GJ ok SK) gat ekki fallizt á þessa afgreiðslu, af þeim ástæðum, er hér skal greina.

Tillaga sú, sem hér um raeðir, heimilar ríkisstjórninni, ef samþykkt verður:

1. að endurgreiða alla tolla, sem innheimtir hafa verið af skipum, sem keypt hafa verið til landsins 1945.
2. að endurgreiða alla tolla af skipum, sem keypt verða á árunum 1946 og 1947.
3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni til skipabygginga og vélum og tækjum í skip, sem byggð hafa verið innanlands 1945.
4. að endurgreiða aðflutningsgjöld af sömu vörum til skipa, sem lokið er byggingu á innanlands fyrir árslok 1947.

Hvað viðvíkur 1. og 3. lið má segja, að það sé ekki óeðlilegt, að ríkisstjórn sé gefin slík heimild til endurgreiðslu með þá., ef til þess bæri brýn nauðsyn, þótt hinu verði ekki neitað, að miklu eðlilegra hefði verið að gefa þessa heimild á 22. gr.

fjárlaga á þessu sama þingi, en þá þótti engin ástaða til slikra ráðstafana. Hitt verður að teljast alveg óviðeigandi ráðstöfun á ríkistekjunum að heimila endurgreiðslur á svo stórum fjárfúlgum úr ríkissjóðnum sem til er ætlazt samkv. liðum 2 og 4, fyrir komandi ár, með einfaldri þál., vitandi annars vegar, að fjárlög þ. á. voru afgreidd með nærrí 5 millj. kr. rekstrarhalla og 18 millj. kr. greiðsluhalla, samfara því, að ekki þótti gerlegt að hækka tekjuliði til að mæta þessum halla, heldur kosin sú leið að heimila ríkisstjórninni stórkostlegan niðurskurð á verklegum framkvæmdum, ef nauðsyn krefði. Er þessi háttur því fremur áfellisverður, að önnur og miklu þinglegri leið er opin þeim, er gjöldin vilja afnema, en hún er sú að bera fram þá breytingu á tollalöggjöfinni, sem nú er til umræðu í þinginu, að fella þessi gjöld niður og taka þá jafnframt upp önnur réttlátari gjöld til að vega upp á móti tekjurýrnuninni.

Pá verður því ekki neitað, að nákvæm endurgreiðsla á aðflutningsgjöldunum verður tæplega framkvæmd, heldur yrði það allt meira og minna af handahófi, auk þess sem það er bæði óviðkunnanlegt og ranglátt að reikna toll af vörum, ef hún er notuð í aðrar þarfir, en gefa hann eftir af sömu vörum, sem notuð er til þessarar sérstóku framkvæmdar.

Pá verður því ekki heldur mótmælt, að ríkissjóður hefur á margvislegan hátt létt undir með þessum sömu aðilum, bæði með beinum styrkjum, hagkvænum lánum og ýmsum öðrum fyrirgreiðslum, svo að miklu síður er ástaða til eftirgjafarinnar af þeim ástaðum. Þá er og ljóst, að ríkissjóði mun ekki veita af þeim tekjustofnum, sem hann nú hefur, nema þá að séð verði fyrir nýjum tekjustofni til að mæta því, sem hér væri afnumið.

Minni hlutinn leggur því til, að þáttill. verði felld.

Alþingi, 5. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form., frsm.

Sigurður Kristjánsson.